

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Kapelluhrauns, 2. áfanga, vegna Álhelli 36, 38-42, 44 og 44D.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 10. september 2025 breyting á deiliskipulagi Kapelluhrauns, 2. áfanga. Breyting er gerð á húsnúmerum á fjórum lóðum og þrjár þessara lóða breyta einnig um götunafn. Álhella 36 verður Álhella 17, Álhella 38-42 verður Stálhella 18, Álhella 44 verður Stálhella 24 og Álhella 44D verður Stálhella 24D. Hluti götunnar Álhelli breytist í Stálhelli. Skilmálar haldast óbreyttir.

Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 15. september 2025.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs,
Anne Steinbrenner verkefnastjóri.

B deild - Útgáfudagur: 29. september 2025